

## Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2019

Umsögn valnefndar

### **Móðurmál – samtök um tvítýngi**

Móðurmál – samtök um tvítýngi eru regnhlífasamtök móðurmálskennsluhópa sem kenna börnum innflytjenda móðurmál þeirra eða foreldra þeirra. Samtökin hafa verið tilnefnd áður og hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt.

Starfsemin grundvallast á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem segir að menntun barns skuli efla virðingu barnsins fyrir menningararfleifð sinni og tungu. Jafnframt er fjallað um mikilvægi þess að börn sem tilheyra minnihlutahópum geti notað eigið tungumál í samfélagi með öðrum. Starfsemi Móðurmáls fellur vel að Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem er talað um að börn og ungmenni fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu og að allir skuli eiga rétt á virkri þátttöku í borgarsamfélaginu.

Árangur af starfinu og faglegur metnaður samtakanna er markverður í ljósi þess að nánast allt starf samtakanna er unnið í sjálfboðavinnu. Öflugt og óeigingjarnt starf Móðurmáls eflir lífsgæði og réttindi tvítýngdra barna, getur starfið þannig haft afgerandi áhrif á framtíð þeirra.